

Fimmtudaginn 10. ágúst 1989.

Nr. 304/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Benedikt Ólafssyni.

Kærumál. Bráðabirgðasviping ökuréttinda felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. ágúst 1989 samkvæmt heimild í 103. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að hann fái ökuréttindi að nýju. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Með greinargerð ríkissaksóknara, sem barst Hæstarétti í dag, fylgdi afrit ákæru á hendur varnaraðila, út gefinnar í dag, sakavottorð hans og tvö skjöl önnur, er síðar getur.

Kærður er úrskurður sakadóms Ísafjarðar 29. júlí 1989, sem Björn Jóhannesson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, kvað upp og birtur var 31. júlí. Með úrskurði þessum var staðfest ákvörðun Katrínar Hilmarsdóttur, fulltrúa bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, 21. júlí um að svipta varnaraðila ökuleyfi til bráðabirgða, „fyrst um sinn og þar til öðruvísi verður ákveðið“. Sami fulltrúi hélt sakadóm Ísafjarðar 27. júlí, þegar varnaraðila var boðið að ljúka málinu með dómsátt, sem hann féllst ekki á.

Í skýrslu lögreglumanna um mælingu á ökuhraða varnaraðila 21. júlí 1989 kl. 21.30 segir meðal annars, að eftirlitsstaður hafi verið í Hafnarstræti, stöðvunarstaður sami og litur bifhjólsins svartur. Lögreglumennirnir voru yfirheyrðir af lögregluvarðstjóra 28. júlí. Ekki voru þeir spurðir um lit bifhjólsins. Báðir báru þeir að hafa ekið á eftir hjólinu, þangað sem það var stöðvað, að Hlíðarvegi 45. Annar þeirra kvaðst hafa séð tvö bifhjól koma vestur Hafnarstræti, og hefði öðru þeirra verið ekið á undan hinu og sýnu hraðar. Hefði hraði þess enn verið aukinn og móts við sjúkrahúsið mælst

71 km/klst. Hitt hjólið hefði hins vegar dregist nokkuð aftur úr. Hinn lögreglumaðurinn bar á sömu leið; móts við kirkjugarðinn hefði hraði fremra bifhjólsins verið aukinn verulega og hitt hjólið „nánast verið skilið eftir“. Báðir sögðu það útilokað, að þeir hefðu mælt hraða þess bifhjóls, sem á eftir fór. Varnaraðili kom fyrir sakadóm 28. júlí. Kvað hann bifhjól það, sem hann ók, „hafa verið að aðallit rautt, en hitt hjólið hefði að aðallit verið svart“. Hann kvað einnig rangt, að stöðvunarstaður hefði verið í Hafnarstræti, og kvaðst ekki hafa orðið var við lögreglu, fyrr en hún kom að Hlíðarvegi 45, þar sem hann var að láta bifhjólið inn í bílskúr. Á móts við safnaðarheimilið á horni Sólgötu og Hafnarstrætis sagðist hann hafa verið nokkrum metrum á eftir hinu bifhjólinu, sem farið hefði mjög hægt. Hann hefði þá ekið fram úr því og hraðamælir sinn þá sýnt 40-50 km hraða. Eftir það kvaðst hann hafa dregið úr ökuhraðanum. Á móts við gamla sjúkrahúsið hefði hann svo orðið var við það, að hitt hjólið væri komið fast á eftir sér.

Í vottorði Bifreiðaskoðunar Íslands hf. í dag kemur fram, að litur bifhjóls þess, er varnaraðili ók, er rauður. Sama kemur fram í skýrslu annars lögreglumannanna, sem gerð var í dag, og skýrir hann missögn í fyrri skýrslu með því, að hnakkur hjólsins sé svartur. Þessi gögn fylgdu greinargerð ríkissaksóknara til Hæstaréttar.

Lögreglumenn þeir, sem hér áttu hlut að máli, voru ekki yfirheyrðir fyrir sakadómi vegna þess misræmis, sem er í skýrslum þeirra og varnaraðila. Þá hefur ekki verið tekin skýrsla af stjórnanda hins bifhjólsins. Við svo búið er ekki einsýnt, að skilyrði til sviptingar ökuréttinda séu hér fyrir hendi, og ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi svo og ákvörðun lögreglustjórans á Ísafirði 21. júlí 1989 um að svipta varnaraðila ökuréttindum til bráðabirgða.

Kærumálskostnaður dæmist svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur svo og ákvörðun lögreglustjórans á Ísafirði 21. júlí 1989 um að svipta varnaraðila, Benedikt Ólafsson, ökuréttindum til bráðabirgða.

Kærumálskostnaður, 10.000,00 krónur, greiðist varnaraðila úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Ísafjarðar 29. júlí 1989.

Kærði, Benedikt Ólafsson, kt. 101165-3029, Mjallargötu 1, Ísafirði, hefur krafist þess, að ákvörðun fulltrúa lögreglustjórans á Ísafirði, dagsett 21. júlí 1989, um að svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða verði felld úr gildi.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að föstudaginn 21. júlí 1989 kl. 21.30 var lögreglubífreiðin Í 1102 á Seljalandsvegi á Ísafirði, skammt frá gatnamótum Seljalandsvegur við Hafnarstræti, og mældu lögreglumenn hraða ökutækja, er ekið var vestur Hafnarstræti. Samkvæmt skýrslu lögreglu var akstur kærða, Benedikts Ólafssonar, á bifhjólinu Í 509 mældur á umræddum vegarkafli, og sýndi ratsjá lögreglubífreiðarinnar 71 km/klst.

Í framburðarskýrslum, sem lögreglumennirnir tóku, staðfestu þeir mælinguna og greindu frá því, að á móts við kirkjugarðinn við Hafnarstræti hefði hraði bifhjólsins Í 509 verið aukinn verulega og bifhjól kærða farið fram úr því bifhjóli, er hann var í fylgd með. Á móts við sjúkrahús Ísafjarðar hefði bifhjól kærða komið inn í ratsjárgeislann, og hefði ratsjainn þá sýnt 71 km/klst. Hefði ratsjainn þá verið læst. Þeir hefðu þá þegar ekið af stað á eftir bifhjólinu, sem ekið var sem leið lá vestur Hafnarstræti, norður Túngötu og þaðan upp að húsinu nr. 45 við Hlíðarveg, þar sem haft var tal af kærða.

Í frumskýrslu hjá lögreglu kvaðst kærði hafa ekið á u.þ.b. 45-50 km/klst. vestur Hafnarstræti í umrætt sinn. Í skýrslu fyrir dómi kvaðst kærði í fyrstu hafa ekið á eftir hinu bifhjólinu, sem hefði farið mjög hægt, en á móts við safnaðarheimilið við Sólögötu kvaðst hann hafa aukið hraðann og ekið fram úr hinu bifhjólinu. Hann kvaðst telja, að hraði bifhjólsins við framúraksturinn hefði verið á bilinu 40-50 km/klst. Síðan hefði hann hægt ferðina og ekið á löglegum hraða eftir það alla leið að húsinu nr. 45 við Hlíðarveg. Hann kvaðst hafa ekið á undan hinu hjólinu alla leiðina, frá því að hann ók fram úr því móts við safnaðarheimilið. Kærði kvaðst ekki hafa orðið var við lögreglu fyrr en við Hlíðarveg 45. Kærði hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi rengt mældan ökuhraða.

Samkvæmt ratsjárskýrslu frá 21. júlí 1989 var ratsjá lögreglubífreiðarinnar prófuð fyrir mælingu kl. 20.45 og kl. 21.45 eftir mælingu.

Samkvæmt ákvörðun fulltrúa lögreglustjórans á Ísafirði, dags. 21. júlí 1989, sem var birt kærða sama dag, var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Kærða var 27. júlí 1989 boðið að ljúka máli þessu með dómsátt og greiðslu 8.000,00 króna sektar og sviptingu ökuleyfis í einn mánuð frá 21. júlí sl. að telja, en hann hafnaði því. Hann kvaðst hafna sátt af þeirri ástæðu, að hraði bifhjóls síns hefði í umrætt skipti ekki verið meiri en 40-50 km/klst, og því hefðu einhver mistök orðið hjá lögreglu, er hún mældi hraða bifhjólsins.

Niðurstaða.

Kærða er gefið að sök að hafa ekið bifhjólinu Í 509 með 71 km/klst. hraða yestur Hafnarstræti á Ísafirði föstudaginn 21. júlí 1989 kl. 21.30, þar sem heimilaður hámarkshraði er 35 km/klst., sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 2. mgr. 19. gr. lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 474 4. desember 1984. Samkvæmt 1. mgr. 103. gr. laga nr. 50/1987 skal lögreglustjóri svipta mann ökuleyfi til bráðabirgða, ef hann telur hann hafa unnið til sviptingar. Með hliðsjón af því, sem að framan hefur verið rakið, verður krafa um, að bráðabirgðasvipting ökuleyfis verði úr gildi felld, eigi tekin til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu kærða, Benedikts Ólafssonar, að felld verði úr gildi ákvörðun fulltrúa lögreglustjórans á Ísafirði, dagsett 21. júlí 1989, um að svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða, er synjað.